

Stjórnarfundur SKÍ

nr. 1672 – 13. og 20. mars 2025, kl. 15:30 – fjarfundur

Efni fundarins:	16. stjórnarfundur SKÍ 2023 – 2025.
Fundarstjóri:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður.
Fundarritari:	Jónas Egilsson.
Þátttakendur:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Jón Egill Sveinsson varaformaður (13. mars), Gísli Reynisson gjaldkeri, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar (13. mars), Einar Ólafsson formaður skíðagöngunefndar, Aðalsteinn Valdimarsson formaður snjóþrettanefndar, Veronika Guseva formaður skíðaskotfímíneftndar (20. mars). Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri (13. mars) og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.
Fjarverandi:	Hugrún Elvarsdóttir ritari.

Fundardagskrá

- 1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1671**
- 2. Fjármál**
 - 2.1. Ársreikningur SKÍ fyrir 2024
 - 2.2. Kostnaður verkefna 2024 - 2025
- 3. Markaðs-, fjáröflunar- og kynningarmál – staðan**
- 4. Aðstöðumál**
 - 4.1. Snjóhús – staðan
 - 4.2. Skýrsla formanns SKA um úrbætur í Hlíðarfjalli og tengd mál
 - 4.3. FIS viðurkenning skíðagöngubrautar í Selárdal við Hólmavík
- 5. Fundir, heimsóknir og ráðstefnur**
 - 5.1. Heimsókn fulltrúa IBU til Íslands, 6.-10. mars
 - 5.2. Fundur með ÍSÍ vegna Vetrarólympíuleikanna 14. mars
 - 5.3. Skíðaþing 2025 – tíma- og staðsetning
- 6. Önnur mál**

Fundargerð

Fundur settur kl. 15:33.

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1671

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

2. Fjármál

- 2.1. Ársreikningur SKÍ fyrir 2024. Ársreikningur lagður fram. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- 2.2. Kostnaður verkefna 2024 – 2025. Yfirlit um nokkur helstu verkefni SKÍ á árinu 2025 lögð fram. Umræður um greiðslukort formanns, umræðu og afgreiðslu stjórnar á 1661. fundi í mars 2024.

Fundi frestað kl. 17:05.

Fundi framhaldið fimmtudaginn 20. mars kl. 15:30 og liður 2.2. tekinn fyrir að nýju.

Mætt voru: Bjarni Theodór Bjarnason, Gísli Reynisson, Einar Ólafsson og Veroika Guseva, auk Jónasar Egilssonar framkvæmdastjóra sem ritaði fundargerð.

Tilkynnt forföll: Jón Egill Sveinsson, Sigurður Sveinn Nikulásson, Hugrún Elvarsdóttir og Aðalsteinn Valdimarsson.

- 2.2. Til viðbótar fyrri gögnum var yfirlit á greiðslukorti formanns sýnt á skjá, fyrir tímabilið 31. janúar 2024 til og með 17. febrúar 2025.

3. Markaðs-, fjáröflunar- og kynningarmál – staðan

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir hugmyndum vegna fjáröflunarverkefna eins og rætt hefur verið um í stjórn og samstarfi við FIS og IBU og mögulega nemendum í fjölmiðlafræðum við HA til að auka sýnileika skíða- og snjóbreittaíprótta á samfélagsmiðlum.

4. Aðstöðumál

- 4.2. Snjóhús, staða. Einar Ólafsson fór yfir fund með fulltrúum Reykjavíkurborgar 19. mars sl., sem hann var ánægður með vegna mögulegrar lóðar fyrir skíðahús í landi borgarinnar. Hann sagði svör að vænta frá Reykjavíkurborg á næstu tveimur vikum. Einnig sagði hann að stefnt væri að fundi með bæjarstjóra Mosfellsbæjar í næstu viku um sama mál.
- 4.3. Skýrsla formanns SKA um úrbætur í Hlíðarfjalli og tengd mál. Skýrsla Fannars Gíslasonar „Hlíðarfjall – Aðgerðaráætlun“ og minnisblað framkvæmdastjóra um mögulegar aðgerðir til að auka tækifæri til skíða- og snjóbreittaíprótta lögð fram. Samþykkt að skoða málin áfram og leita leiða til að efla umræðu um aðstöðu til skíða- og snjóbreittaíðkunar.
- 4.4. FIS viðurkenning skíðagöngubrautar í Selárdal við Hólmavík. Leyfi fyrir FIS mótum í skíðagöngu í Selárdal við Hólmavík barst í fyrri hluta þessa mánaðar.

5. Fundir, heimsóknir og ráðstefnur

- 5.2. Heimsókn fulltrúa IBU til Íslands, 6.-10. mars. Einar og Veronika greindu á frá heimsókn Dagmöru Gerasimuk og Tomaszar Barnat til Akureyrar, Hólmavíkur og Reykjavíkur 6. – 10. mars sl. Minnisblað framkvæmdastjóra lagt fram. Þau Einar og Veronika eru sammála um að þessi heimsókn hafi verið skíðaskotfimi íþróttinni hér á landi mjög til framdráttar og að við séum nú komin á kortið hjá IBU.

- 5.3. Fundur með ÍSí vegna Vetrarólympíuleikanna 14. mars. Einar og Jónas greindu frá fundi með ÍSí vegna undirbúnings fyrir næstu Vetrarólympíuleika. Staðsetning viðburða mun leiða til aukins kostnaðar þar sem viðburðir eru á mörgum stöðum.
- 5.4. Skíðaþing 2025 – tíma- og staðsetning. Skíðaþing verður fyrir lok nóvember nk. Ákvörðun um staðsetningu og endanlega dagsetningu frestað.

6. Önnur mál

- 6.2. Næsti fundur er skv. áætlun fimmtudaginn 10. apríl nk.
- 6.3. Veronika ræddi þörf og möguleika á aukinni umfjöllun um skíðaskotfimi, reglum o.fl. þar að lútandi á vettvangi SKÍ.
- 6.4. Formaður ræddi form og efni samskipta innan stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:42.

Fundargerð ritaði Jónas Egilsson.